



Evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni

Í þessu skjali eru lagðar fram evrópskar reglur um mat á raunfærni.

1 BAKGRUNNUR

Í þessu skjali eru lagðar fram evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni. Tillagan byggir á framlagi og þátttöku stórs úrtaks úr hópi hagsmunaaðila. Sérhæfður samráðshópur var settur á fót af Evrópusambandinu í febrúarmánuði 2003 og hefur hann lagt fram fjölmörg uppköst sem notuð hafa verið sem umræðugrundvöllur og til ráðgjafar. Vinnuhópur 'H' í Markmiðsferli ('Nám gert áhugavert og tengsl náms, vinnu og samfélags styrkt') hefur gegnt lykilhlutverki í því að þróa leiðbeiningarnar. Hópurinn, sem myndaður er af fulltrúum allra þátttökubjóðanna (31), fulltrúum evrópska vinnu- markaðarins og fulltrúum fjölda borgaralegra samtaka og Evrópusambandsins, hefur stuðlað beint að því að auka þýðingu og vægi tillögunnar. Forseti EB mun taka til umræðu sam-evrópskar leiðbeiningar um mat á raunfærni á fundi (Mennta) Ráðsins í maí 2004. Tillaga þessi verður notuð sem grundvöllur framtaksins. Leiðbeiningunum er ætlað að ýta undir frjálst ferli sem leiðir til samhæfðari og sambærilegri aðferða við mat á raunfærni í Evrópu. Megin áhersla verður á eftirfarandi þætti matsins:

- Mat á raunfærni sem á sér stað í hinu opinbera skólakerfi.
- Mat á raunfærni sem á sér stað í tengslum við vinnu- og markaðinn (fyrirtæki, opinberar stofnanir og fjármálageirar).
- Mat á raunfærni sem á sér stað í tengslum við opin námskeið og félagsstarf (t.d. starfsemi ungliða- hreyfinga) sem og í tengslum við samfélagsnám (t.d. opin fullorðinsfræðsla og endurmenntun á Norðurlöndum).

Sérstaka áhersla ætti að leggja á ákvæði mats sem miðar að endurhæfingu eða aðlögun einstaklinga að námi og námsþjálfun, atvinnu- og markaði eða samfélagi (t.d. með því að miða við þarfir þeirra sem hætta í skóla, atvinnulausra og innflytjenda). Þessi tilgangur, sem á við öll þrjú stigin sem minnst er á hér að ofan, er lýsandi fyrir hagkvæmni og félagslegt mikilvægi mats á raunfærni utan hins opinbera skólakerfis og á óformlegu námi.

2. AF HVERJU SAMEIGINLEGAR REGLUR?

Á undanförunum árum hefur sí og æ verið hamrað á mikilvægi leiðbeinandi og sameiginlegra leiðbeininga um mat á raunfærni, ekki síst í Kaupmannahafnaryfirlýsingu (nóvember 2002) um aukna evrópska samvinnu í starfsnámi og -þjálfun. Allir 31 menntamálaráðherrar, aðilar evrópska vinnu- og markaðarins og Evrópusambandið lýstu því yfir að þörf sé á því að "... koma á sameiginlegri reglugerð um mat á raunfærni með það fyrir augum að tryggja auðveldari samanburð milli landa og á milli mismunandi stiga." Kaupmannahafnarsamþykktin

sýnir aukin pólitískan áhuga á námi sem á sér stað utan hins opinbera skólakerfis. Undanfarin tvö ár hefur verið gripið til aðgerða, í þjóðlegu og evrópsku samhengi, sem stuðla að nýjum leiðum til að meta raunfærni. Í skýrslu um sí- og endurmenntun/ Communication on Lifelong Learning (2001), er námsmat ("Valuing Learning") forgangsatriði en í því er lögð megináhersla á samræmt nám í Evrópu. Sömu áherslur á starfsþjálfun og óformlegt nám er að finna í tilskipun Evrópusambandsins frá 2001 (Menntun) um "Raunhæf framtíðarmarkmið evrópskra skólakerfa." Einnig í skýrslunni "White Paper on Youth policies / Stefnumið í málafnum ungmenna" sem sambandið tók upp 2001. Í vinnu- áætlun fyrrnefndu skýrslunnar er það talið lykilaatriði að finna leiðir til að meta raunfærni með formlegum hætti og gera á þann hátt nám fýsilegra í augum einstaklingsins. Þessi áhersla er ítrekuð í sameiginlegri áfanga- skýrslu Evrópusambandsins og -ráðsins (febrúar 2004) um framkvæmd ítarlegrar vinnuáætlunar um eftirfylgni markmiða í evrópsku skólakerfi ("Nám og þjálfun 2010"). Í skýrslunni kemur fram að "...þróun sam- evrópskra tilvísana og leiðbeininga geta stutt við stefnumið einstakra ríkja. Þótt slíkar sameiginlegar tilvísanir og reglur hafi ekki í för með sér skuldbindingar fyrir einstök sambandslönd, stuðla þau að gagnkvæmu trausti milli lykilaðila, auk þess að hvetja til endurbóta".

Með vísun í "mat á raunfærni sem eitt af þeim sviðum þar sem slíkar leiðbeiningar eru æskilegar, er tekið fram í skýrslunni að "...það ætti að vera forgangsatriði að þróa þessar leiðbeiningar og koma þeim í gagn við heima fyrir, í hverju landi, að teknu tilliti til þjóðfélagsástands og raunhæfra möguleika á hverjum stað".

Þróun sameiginlegra leiðbeininga um mat á raunfærni eykur gildi þess starfs sem unnið er "heima í héraði", í hverju þjóðríki. Helsta ástæðan fyrir þróun slíkra leiðbeininga er, samkvæmt Kaupmannahafnaryfirlýsingu, að auðvelda samanburð (og samhæfingu) aðferða á mismunandi stigi og í ólíku samhengi. Aðferðir við mat og -kerfi sem þróuð hafa verið hingað til hafa að miklu leyti verið hönnuð og virkjuð ein og sér og þar af leiðandi er torvelt að tengja þau og sameina öðrum. Að vissu leyti er um að ræða ferli þar sem "mats-eyjur" hafa þegar verið stofnaðar en eftir er að hanna og byggja "brýr" til að tengja þær. Skortur á sambærileika torveldar einstaklingum að komast í símenntun þar sem erfitt er að meta og leggja mat á þá færni og getu sem áunnist hefur á mismunandi stigum og í ólíkum löndum.

Sameiginlegar leiðbeiningar um mat á raunfærni verða að styðja og auka við millifærslukerfi eininga sem þróað er innan formlegra mennta- og þjálfunarkerfa (sérstaklega núverandi millifærslukerfi eininga í Evrópu, þróað fyrir aðri menntun, ECTS, og millifærslukerfi eininga sem nú er til skoðunar til notkunar við starfsnám og –



þjálfun. Sameiginlegar leiðbeiningar um mat verða að styðja og auka við millifærslukerfi eininga sem þróað er innan formlegra mennta- og þjálfunarkerfa (sérstaklega núverandi millifærslukerfi eininga í Evrópu, þróað fyrir æðri menntun, ECTS, og millifærslukerfi eininga sem nú er verið að skoða til notkunar við starfsnám og –þjálfun.

3. SAMEIGINLEGAR REGLUR

Sameiginlegar leiðbeiningar um mat á raunfærni verða mótaðar út frá sex viðmiðunarpáttum; tilgangi mats, réttindum einstaklingsins, ábyrgð stofnana og hagsmunaaðila, trúnaður og traust, hlutleysi og lögmæti og trúverðugleiki.

Leiðbeiningarnar eiga að vera leiðbeinandi, sameiginleg viðmiðun fyrir þróun og beitingu á aðferðum og kerfum til mats.

Sameiginlegu leiðbeiningarnar eru ekki forskrift að einni ákveðinni aðferðafræði eða lausn; slíkt verður augljóslega að sníða eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Leiðbeiningarnar vísa hins vegar til ákveðinna grunnkrafna sem verður að uppfylla til að tryggja og viðhalda trausti, hlutleysi og trúverðugleika.

3.1 Tilgangur mats

Heildarmarkíð mats á raunfærni er að draga fram og meta alla færni og getu einstaklings, án tillits til þess hvar hann hefur óðlast hana. Tilgangur þessa mats kann að vera mótandi (sem stuðningur við nám sem stundað er) eða lýsandi og valdið samlegðaráhrifum (sem leiðir til prófskírteinis).

- Mat á raunfærni, hvort sem hennar er aflað innan skólakerfi eða utan, stefnir að því að draga fram heildarþekkingu og færni einstaklings.
- Mat á raunfærni styður símenntun, atvinnumöguleika og virka þátttöku í samfélagi. Mat á raunfærni getur auðveldað framgang í námi og þjálfun, aðlögun/endurhæfingu á vinnumarkaði, landfræðilegan og starfslegan hreyfanleika og skipulagslegan og persónulegan þroska.
- Mat á raunfærni, án tillits til þess hvar hennar hefur verið náð, getur verið lýsandi og haft samlegðaráhrif. Með samlegðaráhrifum er átt við formlegt mat sem fær að lokum formlega viðurkenningu (t.d. með prófskírteini eða diplóma).
- Mat á raunfærni, án tillits til þess hvar hennar hefur verið náð, getur haft mótandi tilgang. Með mótandi er átt við ferli sem leiðir til mats á námsárangri án formlegrar viðurkenningar (fyrir persónulegan frama og/eða starfsframa). Mótandi mat getur myndað grunn fyrir formlega viðurkenningu.

3.2 Réttindi einstaklingsins

Mat á raunfærni verður fyrst og fremst að gegna þörfum einstakra borgara. Þetta merkir að nafnbætur/prófgráður einstaklinga verða að vera skýrt skilgreindar, sérstaklega í tengslum við þætti eins og einkamál, eignarhald á mati á raunfærni og áfrýjunarrétti.

- Mat á raunfærni er sem meginregla, gerð af fúsum og frjálsum vilja og það er undir hverjum einstaklingi komið hvort hún á sér stað eða ekki.
- Í þeim tilfellum þar sem mat er þáttur í skyldunámi ætti að grípa til aðgerða til að tryggja gagnsæi, sanngirni og friðhelgi einkalífs.
- Í einkastofnunum og opinberum stofnunum þar sem mat á raunfærni er skyldubundin ætti að grunda hana á samfélagslegri samræðu.
- Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða samlegðarmat á raunfærni, eiga einstaklingar áfrýjunarrétt varðandi matið; þennan rétt skal kynna á gagnsæjan hátt við upphaf matsins.
- Sérstakar ráðstafanir ætti að gera fyrir einstaklinga með sérþarfir til að tryggja jafnan (og sanngjarnan) aðgang að mati á raunfærni.
- Útkoma mats á raunfærni skal vera eign viðkomandi einstaklings. Í þeim tilfellum þar sem niðurstöður eru varðveittar af öðrum verður að tryggja þær sem trúnaðarmál einstaklings.

3.3 Ábyrgð stofnana og hagsmunaaðila

Stofnanir og þátttökuaðilar (opinberar stofnanir, einkafyrirtæki og frjáls félagasamtök) bera ákveðna ábyrgð þegar þeir standa að mati á raunfærni, t.d. hvað varðar viðeigandi ráðgjöf og stuðning. Þessar skyldur eru breytilegar eftir sviðum.

Niðurstöður mats á raunfærni verður að kynna á auðskiljanlegan hátt í evrópsku og alþjóðlegu samhengi. Þegar því verður við komið, skal nota sam-evrópsk skjöl og eyðublöð eins og Evrópska ferilskrá og Starfsmenntavegabréf til að menntun og hæfni séu gagnsæ.

- Virða verður einkarétt einstaklinga.
- Mat á raunfærni skal styðja með upplýsingum, leiðbeiningum og ráðgjafþjónustu.
- Náms- og þjálfunarkerfi skulu bjóða upp á lagalega og verklega möguleika sem gera einstaklingum kleift að fá nám sitt viðurkennt.
- Fyrirtæki, opinber samtök og fjármálageirar skulu bjóða upp á raunhæfar aðstæður sem gera einstaklingum kleift að fá nám sitt viðurkennt.
- Mat á raunfærni skal vera þáttur í starfsmannastefnu fyrirtækja og hjá opinberum samtökum og skal byggja á samfélagslegri samræðu.
- Óformlegar námsstofnanir utan formlegs skólakerfis ættu að bjóða upp á raunhæfar aðstæður sem geri einstaklingum kleift að fá nám sitt viðurkennt.

3.4. Trúnaður og traust

Traust er nauðsynleg forsenda vænlegrar þróunar og virkunar á mati á raunfærni. Hver og einn þátttakandi verður að eiga möguleika á því að leggja fram sjálfstætt, upplýst mat á þeirri aðferð sem um ræðir. Þetta krefst vel



skilgreindra staðla; skýrra upplýsinga um það hvernig mat er framkvæmt en á því eru niðurstöður byggðar; greinilegra upplýsinga um tilgang mats á raunfærni og hvernig niðurstöður verði notaðar; og, skýrra og aðgengi- legra upplýsinga um skilyrði matsins, t.d. tíma og kostnað sem og stuðning/ráðgjöf sem veitt er.

Gagnsæi matsferlis

- Mat á raunfærni verður að njóta trausts allra aðila á því að viðkomandi persóna/kandidat hafi í raun aflað sér þeirrar þekkingar og færni sem um ræðir (tryggja verður áreiðanleika).
- Áætlanir um mat á raunfærni verður að hanna á þann hátt að mögulegir notendur, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða stofnanir, getir fylgst með og dæmt matið í heild sinni.
- Grundvöll (aðferðafræði) mats á raunfærni skal taka skýrt fram (skrifleg próf, viðtöl, vinnupróf, sjálfsmat, lýsandi aðferðafræði, þátttaka í verk- efnum á ákveðnum sviðum, annað).
- Skýrar upplýsingar um tíma og kostnað ætti að leggja fram.

Gagnsæi viðmiðunarþátta

- Kröfur sem settar eru á viðkomandi einstakling skal lýsa með skýrum hætti til að auðvelda áreiðanleika (ætla má að tveir sjálfstæðir matsaðilar komist að sömu niðurstöðum).
- Viðmiðunarkröfur sem "matmenn" nota þegar þeir "meta" (gefa einkunnir) námsrángur verða að vera eins skýrar og kostur er.

Framboð og aðgengi að upplýsingum.

- Tilgangur, viðmiðunarreglur og kröfur fyrir mat á raunfærni (viðmiðanir, staðlar) sem og notkun niðurstaðna verður að leggja fram með þeim hætti að þær séu gagnsæjar öllum sem hlut eiga að máli, þ.á m. þeim einstaklingi sem verið er að meta.

3.5 Hlutleysi

Hlutleysi er ófrávikjanlegur þáttur í mati á raunfærni og á við hlutverk og ábyrgð þeirra matsmanna sem standa að matsferlinu. Mikilvægt er að forðast óhóflega skörun hlutverka þar sem slíkt mun þegar á heildina er litið haft neikvæð áhrif á trúverðugleika niðurstaðna. Hlutleysi er hægt að auka með þjálfun og kerfisbundnu samráði sem matsaðilar skulu leggja áherslu á.

- Matmenn skulu, sérstaklega hvað varðar lýsandi mat, vinna í samræmi við siðareglur og skulu ekki sameina ósambærileg hlutverk með einhverjum þeim hætti sem kann að grafa undan trausti og hlutleysi.
- Matmenn verða að búa yfir faglegri hæfni og skulu hafa aðgang að kerfisbundinni sí- og endur- menntun. Þar sem hægt er að koma því við, skulu tengslanet matsmanna, heima í héraði eða á lands-

vísu, vera til staðar til að tryggja faglega þróun og skýrt verklag.

3.6 Lögmati og trúverðugleiki

Lögmati og trúverðugleiki verður að byggja á þátttöku allrar viðeigandi þátttökuaðila á öllum tilheyrandi stigum. Félagslegur og faglegur trúverðugleiki mats á raunfærni endurspeglar áhuga og framlag viðkomandi þátttakenda. Trúverðugleiki er einnig nátengdur því trausti og því hlutleysi sem rætt er um að ofan.

- Þróun, virkjun og fjármögnun mats á raunfærni verður að byggja á þátttöku allra viðkomandi hagsmunaaðila (t.d. aðila vinnumarkaðarins þar sem starfsreynsla er metin eða frjálsra félagasam- taka (NGO) þar sem lagt er mat á sjálfbodaliðastörf og borgaralegt framlag).
- Matskerfi verður að vera hlutlaust og skal byggja á þátttöku allra þeirra hagsmunaaðila sem málið varðar á veigamikinn hátt, án þess að eitthvert eitt sjónarmið verði ráðandi. Mat á raunfærni, á öllum stigum verkefnis, skal skipuleggja með það fyrir augum að tryggja hlutleysi og gera þátttöku allra aðila mögulega.

4. EFTIRFYLGNI

Sameiginleg reglugerð um mat á raunfærni verður studd af kerfisbundnu eftirliti og mati á öllu aðgerðum á öllum stigum. Evrópska heimildarskráin (European Inventory) um fullgildingu starfsnáms og óformlegrar menntunar, sem kynnt var í yfirlýsingu um símenntun (Communication on lifelong learning) árið 2001, mun gegna lykil- hlutverki í þessu tilliti. Tilgangur Evrópsku heimildar- skrárinnar er að styðja kerfisbundna miðlun reynslu og styrkja gagnkvæmt nám. Evrópska heimildaskráin leggur til stuðning við þátttökuaðila og gerir það mögu- legt að þróa vottaðar aðferðir við mat á raunfærni.

Sérstakan gaum ætti að gefa að framtíðarnotkun verk- lagsreglna Starfsmenntavegabréfs um gagnsæi færni og getu. Eins og fram kemur í 2.3, ætti að nota tæki og formgerðir Starfsmenntavegabréfs á virkan hátt og kerfisbundið til að renna stöðum undir evrópskt og alþjóðlegt samanburðarhæfi og samhengi. Einnig þarf að huga að því hvernig stofnanir Starfsmenntavegabréfs í hverju landi (virkjaðar frá og með 2005) geta stutt þróun á sviði mats á raunfærni.